

Minnisblað frá fundi með Stracta mönnum 21 sept 2016

Málsaðili : Mosfell fasteign ehf.
Tengiliður :
Dagsetning : 24.09.2016
Númer : 1609016
Flokkur : 10.11 Gatnakerfi

Efni : Mættir voru Hreiðar Hermannsson og Gunnar Aron Ólason frá Stracta hóteli og Bjarni Jón Matthíasson, Haraldur Birgir Haraldsson og Ágúst Sigurðsson frá Rangárþingi ytra.

Farið var yfir áætlanir Mosfells fasteigna ehf varðandi uppbyggingu á næstu árum en áætlanir eru um að hefja stækkun hótelsins nú á þessu ári. Stækkunin verði síðan unnin í áföngum næstu 2-3 árin.

Þá var farið yfir útfærslu á götulýsingu og gangstéttum við Stracta. BJM greindi frá undirbúningi en reiknað er með LED lýsingu en það er stefna sveitarfélagsins að fara alfarið yfir í LED með allar nýframkvæmdir. Slíkt lækkar rekstrarkostnað gríðarlega þó innkaup séu dýrari í upphafi. Aðilar voru sammála um að best fari á því að færa fyrirhugaða lýsingu og gangstétt yfir götuna þannig að lýsingin sé frá hótelinu en ekki að auk þess sem gangandi umferð þarf þá ekki að þvera götuna að hótelinu og leiðin greiðari meðfram Suðurlandsvegi að Miðjunni t.d. Til að það geti orðið þarf að breyta deiliskipulagi.

Í framhaldi af fundinum sendu Stracta menn inn eftirfarandi erindi:

From: Gunnar Aron Ólason [mailto:gunnar@stractahotels.is]
Sent: 21. september 2016 11:43
To: Haraldur Birgir Haraldsson
Cc: Hreiðar Hermannsson
Subject: Beiðni vegna gatnagerðarmála við Rangárflatir og Gaddstaðaveg

Sæll Birgir og takk fyrir fundinn fyrir í dag.

Skv. beiðni sveitarstjóra sendum við hér formlega beiðni, fyrir hönd Mosfells fasteignar ehf., um að farið verði í uppsetningu götulýsingar og gerð göngustíga sunnan við veginn Rangárflatir sem liggur frá Suðurlandsvegi að Gaddstaðavegi. Einnig að jafnhendis verði sett upp götulýsing vestan megin við Gaddstaðaveg a.m.k. að suðurenda lóðarmarka við lóðina Rangárflatir 4 eins og einnig var rætt á fundinum.

Við viljum undirstrika mikilvægi þessara framkvæmda til að stuðla að auknu öryggi vegfarenda á svæðinu sem orðið er mjög fjölfarið m.a. vegna reksturs Stracta Hótels.

F.h. Mosfells fasteignar ehf.
kt. 600913-2200

Niðurstaðan fundarins og erindis frá Stracta/Mosfell fasteign ehf er því að óska eftir því að skipulags- og umferðarnefnd takið til skoðunar breytingu á deiliskipulagi í samræmi við ofangreint.